

RAFÆNN VEGVÍSIR FYRIR NÝLIDA

AÐ HEFJA SAUÐFJÁRBÚSKAP

Þessi veggvísir er ætlaður til að vísa þér á hvar upplýsingar og fróðleik varðandi sauðfjarrækt er að finna á vefnum. Einnig er hann ætlaður til að leiða þig skref fyrir skref gegnum umsókna- og tilkynningaferlið við upphaf búrestrar. Í sumum tilfellum sérðu að líklegast er best að fá aðstoð ráðunautar við að sinna þeim umsóknum eða tilkynningum fyrir þig, svo þú getir eytt tíma þínum í að byggja upp blómlegt bú.

UPPLÝSINGAR OG FRÓÐLEIKUR

Um sauðfjarrækt á vef RML

[www](#)

Ýmsar upplýsingar og fróðleikur á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðar landbúnaðarins

Landssamtök sauðfjorbænda

[www](#)

Ýmis fróðleikur og tenglar

Matvælastofnun

[www](#)

Ýmsar upplýsingar og fróðleikur

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

sími: 516-5000 | Netfang: rml@rml.is

KT: 580113-0520 | www.rml.is

SKREF FYRIR SKREF

TILKYNNING TIL SKATTAFIRVALDA, TIL LAUNAGREIÐENDASKRÁR STAÐGREIÐSLU / VIRÐISAUKASKATTSSKRÁR

Ríkisskattstjóri

www

Tilkynna þarf ríkisskattstjóra um stofnun reksturs á kennitölu einstaklings eða fyrirtækis með því að sækja um virðisaukaskattsnúmer og láta skrá sig inn á launagreiðendaskrá eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hefst.

Að hefja rekstur

www

Leiðbeiningar ríkisskattstjóra

Virðisaukaskattsskrá

www

Upplýsingar á vef ríkisskattstjóra

Launagreiðendaskrá

www

Upplýsingar á vef ríkisskattstjóra

Eyðublað

www

Sameiginlegt eyðublað fyrir virðisaukaskatts- og launagreiðendaskrá

Þjónustuvefur ríkisskattstjóra

www

Meirihluti bænda skilar virðisaukaskattsuppgjöri á 6 mánaða fresti (tvisvar á ári). Mánaðarlega, fyrir **15. hvers mánaðar**, þarf að skila tryggingargjaldi og staðgreiðslu af launum til innheimtumans ríkissjóðs. Slíkt er hægt að framkvæma á þjónustuvef ríkisskattstjóra www.skattur.is.

RAFRÆN SKILRÍKI

Veitir aðgang að mikilvægum kerfum.

Íslykill

www

Rafræn skilríki

SKRÁNING LÖGHEIMILIS

Skráning lögheimilis á bújörð er mjög mikilvæg.

Þjóðskrá

www

Skráning búsetu

FJÁRMARK OG BÆJARNÚMER

Landsmarkaskrá

www

Markaverðir

www

Sótt er um til markavarðar á þínu svæði. Gott er að hafa í huga að velja sér mark (fjármark) sem er ólíkt þeim sem eru í notkun á nágrannabæjunum. Það gerir fjárrag að hausti mun auðveldara.

NÝSKRÁNING/BREYTING UMRÁÐAMANNA BÚFJÁR

Matvælastofnun

www

Dýraeftirlitsmenn hjá Matvælastofnun (MAST) sjá um nýskráningu og breytingar á umráðamönnum búfjár. Upplýsingar um dýraeftirlitsmann á þínu svæði má finna á vef MAST

Þjónustugátt MAST

www

Umsóknir á rafrænu formi

NÝSKRÁNING Á BÆNDATORG

Bændasamtök Íslands

www

Gott er að framkvæma nýskráningu á Bændatorg samhliða tilkynningu til MAST með íslykli á vef Bændasamtaka Íslands www.bondi.is. Efst í hægra horninu er valið Bændatorg og nýr notandi.

Bændatorg er vefsvæði sem allir bændur eiga að geta fengið aðgang að. Þegar þeir hafa skráð sig þar inn, sbr. hér á undan geta þeir farið þaðan beint inn í þau skýrsluhaldskerfi sem þeir hafa fengið aðgang að og tengd eru torginu án þess að skrá sig inn í þau sérstaklega. Þegar búið er að opna ákveðið kerfi (t.d. www.fjarvis.is eða www.huppa.is) fyrir bónda getur hann farið á Bændatorgið og valið kerfið sem hann ætlar að fara í með því að smella á heiti þess á stað sem heitir Síðan mín. Inn á torginu eru einnig ýmiss konar skilaboð og fréttir sem tengjast kerfunum. Einnig má þar finna rafræn skjöl sem eru m.a. unnin af ráðunautum fyrir viðkomandi bónda.

BÚREKSTUR / BÓKHULD

Dk-Búbót

www

Tölvudeild BÍ selur kerfið. Mismunandi aðgang er hægt að fá að kerfinu en, nánari upplýsingar má sjá [hér](#). Innifalið í verði eru uppfærslur vegna skattskila, framtals og skattkerfisbreytinga og símaþjónusta milli 10 og 16 alla virka daga sem inniheldur greiningu á vandamálum og lagfæringu á þeim vanda sem rekja má til kerfisins. Þjónustusími er 563-0368.

Leiðbeiningar vegna framtalsskila

www

Forritið er hluti [dk viðskiptahugbúnaðar](#) og er hannað og þróað af þeim. Hægt er að fá þær viðbætur við kerfið sem dk-hugbúnaður býður upp á skv. gjaldskrá þeirra. Dk-Búbót er uppsett með deildum og bókhaldslyklum sem eru sérsniðnir að landbúnaði. Þá byggir gagnasöfnun búrekstrartalna á því og eru bændur hvattir til að taka þátt í rekstrargrunni BÍ.



GREIÐSLUMARK

Greiðslumark í kindakjötsframleiðslu er réttur sauðfjárbænda til að fá beingreiðslur úr ríkissjóði í hlutfalli við þann fjölda ærgilda sem þeir hver um sig hafa yfir að ráða hverju sinni.

Til að fá fullar beingreiðslur þarf handhafi að eiga að lágmarki visst hlutfall vetrarfóðraðra kinda að hausti fyrir hvert ærgildi greiðslumarks á komandi ári sem er ákvarðað með reglugerð fyrir hvert ár (0,7 árið 2015).

Beingreiðslur greiðast í níu jöfnum hlutum á tímabilinu febrúar-september. Þar af eru tveir hlutar greiddir í febrúar. Greiðsla fer fram fyrsta virka dag hvers mánaðar.

Reglugerð um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum 2014-2017

[www](#)

Greiðslumark sauðfjár

[www](#)

Upplýsingar á vef MAST

Greiðslumark

[www](#)

Upplýsingar á vef BÍ

Aðilaskipti eða kaup á ærgildum þurfa að eiga sér stað fyrir 15. janúar þess árs sem kaupin eiga að taka gildi.

Greiðslumark til sölu er gjarnan auglýst í Bændablaðinu á síðustu mánuðum ársins.

LÍFLAMBAKAUP

Umsókn vegna líflambakaupa að hausti þarf að senda fyrir 1. júlí í gegnum þjónustugátt MAST. **Ráðunautar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins geta einnig aðstoðað við það.**

Þjónustugátt MAST

[www](#)

Til að geta sótt um að kaupa sér líflömb þarf viðkomandi að vera búinn að skrá sig sem umráðamann sauðfjár og vera með mark og bæjarnúmer.

MINNISPUNKTAR FYRIR KAUPENDUR –TEKNIR AF SÍÐU MAST:

Mikilvægt er að flutningstæki séu vel þrífín og sótthreinsuð í heimahéraði áður en ferð til að sækja líflömb hefst. Sá sem sækir lömbin skal sjá til þess að flutningstækin séu þrífín og sótthreinsuð og skal hreinsunin tekin út og vottuð af dýralækni. Framvísa skal staðfestingu, sé þess óskað. (Sjá 7. gr. reglugerðar um flutning líflamba milli landsvæða, nr. 550/2008). Til að forðast smit sem mögulega getur borist með flutningstækjum er mælt með að seljendur fari ekki upp í flutningstækið og bílstjórar og aðrir sem með bílnum koma fari ekki inn í fjárhús. Ef það er hins vegar óhjákvæmilegt ættu þeir að íklæðast hreinum hlífðarfátnaði og hreinum skóm eða skóhlífum.

Kaupendur eru hvattir til þess að fá dýralækni til að meðhöndla lömbin með langverkandi sníkjudýralyfi strax við eða fyrir heimkomu og bólusetja gegn garnaveiki ef kaupandi er á svæði þar sem það er skylda. Minnt er á að láta bólusetja öll ásetningslömb sem fyrst.

Kaupandi skal endurmerkja lömbin og tilkynna Bændasamtökum Íslands um einstaklingsmerki þeirra og bæjarnúmer. Bændasamtökin skila MAST skýrslu um viðskipti með sauðfé árlega. (Með haustbók eða í gegnum skýrsluhaldskerfið á vefnum).

Kaupandi ber allan kostnað af viðskiptum með líflömb, þ.m.t. kostnað af flutningi, sbr. þó sérákvæði hér að neðan þegar um er að ræða fjárskipti í kjölfar niðurskurðar vegna riðuveiki.

Líflambaflutningar

[www](#)

Við líflambakaup þarf að ganga úr skugga um að seljandi gefi út reikning fyrir viðskiptunum ásamt því að seljandi skrái gripina selda til kaupanda. Mælt er með því að gengið sé frá aðgangi að skýrsluhaldskerfinu (www.fjarvis.is) áður en kaupin eiga sér stað til að hlutirnir gangi auðveldlega fyrir sig.

EFTIRLIT MEÐ SAUÐFJÁRRÆKT

MAST – eftirlit

www

MAST hefur eftirlit með sauðfjárhaldi og má lesa um það hér.

MAST – héraðsdýralæknir

www

Upplýsingar um héraðsdýralækni á þínu svæði er að finna hér.

SKRÁNING BÚFJÁRFJÖLDA OG FÓÐURBIRGÐA

Skila skal haustskýrslu (skýrslu um fjölda búfjár og magn fóðurs) til MAST í gegnum vefinn www.bustofn.is á hverju hausti. Þeir bændur sem ekki gera það sjálfir geta fengið aðstoð starfsmanna RML sem ganga frá þeim gegn gjaldi.

MAST – búfjáreffirlit

www

Bústofn

www

SKÝRSLUHALD

Skýrsluhald í sauðfjárrækt á sér langa sögu og er grunnur upplýsingaöflunar fyrir ræktunarstarfið í greininni. Ábati þess að vera þátttakandi í skýrsluhaldinu er töluverður. Ræktun heima á hverju búi verður markvissari fyrir utan að gæðastýringarálag fæst ekki greitt nema um þáttöku í skýrsluhaldi er að ræða.

Fjárnís

www

Sauðfjárræktarkerfi

Sótt er um aðgang að þessum kerfum á www.bondi.is undir Bændatorg.

Áður þarf viðkomandi að vera búinn að skrá sig sem umráðamann sauðfjár og vera með mark og bæjarnúmer.

Þeir sem ekki skrá gögn um sauðfé sitt á netinu geta skilað bæði vorbók og haustbók til starfsmanna RML sem skrá gögnin, gegn gjaldi.

MERKING BÚFJÁR

Umráðamaður búfjár ber ábyrgð á að allt búfé hans sé merkt með viðurkenndum merkjum sem fylgja á dýrinu alla ævi þess.

MAST – merkingar

www

Upplýsingar um merkingar búfjár

Mark – einstaklingsmerkingar búfjár

www

Merkiþöntunarforrit sem hefur sama aðgang og skýrsluhaldsforrit BÍ.

Starfsmenn RML þjónusta einnig með merkjapantanir.

□ GÆÐASTÝRING

Gæðastýring er m.a. ætlað að taka til landnotkunar, umhverfis, einstaklingsmerkinga, skýrsluhalds, hirðingar, aðbúnaðar, fóðuröflunar og lyfjanotkunar.

Gæðastýring

www

Upplýsingar um gæðastýringu í sauðfjárrækt á vef BÍ

- Sitja þarf námskeið vegna gæðastýringar, þau eru haldin reglulega af Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og auglýst á vef hennar (www.rml.is) og í Bændablaðinu.
- Sækja þarf um gæðastýringu fyrir 20. nóv þess árs sem búskapur hefst eða þess árs sem hefja á þátttöku í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Sótt er um á þjónustugátt Mast. Nái umsónarmaður gæðastýringar ekki að sitja námskeið fyrir þann tíma eru veittar undanþágur.
- Þeir sem eru að hefja þátttöku í gæðastýringu þurfa að skila inn vorgögnum eigi síðar en 20. júní það ár sem þeir hefja þátttöku í gæðastýringu.
- Skýrsluhaldi ársins, bæði vorgögnum og haustgögnum þarf að skila fyrir 31. desember ár hvert. Æskilegt er þó að skila vorgögnum fyrr sbr. ákvæði í merkingarreglugerð nr. 916/2012 um að lömb skuli merkt og skráð innan 30 daga frá fæðingu.

□ KYNBÆTUR

Kynbætur eru stundaðar til að auka gæði dilka.

Kynbætur sauðfjár

www

Ásetningsval að hausti geta bændur gert sér auðveldara með því að fá ráðunauta RML til að dæma lömb sín. Sjá [sauðfjárdóma](#) á vef RML.

□ FÉLAGSSKAPUR

Landssamband sauðfjárbænda

www

Landssamtök sauðfjárbænda halda úti vef þar sem er að finna ýmsan fróðleik og tengla á gagnlegar vefsíður. Í öllum héruðum landsins eru starfrækt félög sauðfjárbænda sem í heild sinni mynda Landssamtök sauðfjárbænda sem eru aðili að Bændasamtökum Íslands.

Fjárræktarfélag á svæðinu – til að fá upplýsingar um þau má t.d. spyrja næsta ráðunaut eða bónda. Allir þátttakendur í skýrsluhaldi lenda sjálfkrafa í fjárræktarfélagi, en hægt er að standa utan þeirra. Virkni fjárræktarfélaga er þó mjög misjöfn eftir landssvæðum.

Búnaðarfélag á svæðinu – um það er einnig hægt að spyrja næsta ráðunaut eða bónda. Búnaðarfélag er einnig misjafnlega virk og hafa mjög misjafna starfssemi en eru á flestum stöðum grunneining félagskerfis bænda. Með þátttöku í búnaðarfélagi tryggir bóndi sér einnig aðild að Bændasamtökum Íslands, heildarsamtökum bænda á Íslandi.

Á sumum svæðum þjóna Búnaðarsambönd þessu grunneiningarhlutverki sem búnaðarfélögin sinna annars.

Hægt er að gerast aðili að Bændasamtökum Íslands (BÍ) hvort heldur sem er í gegnum búgreinafélag eða búnaðarfélag. Margir bændur eru bæði félagsmenn í búgreinafélagi og búnaðarfélagi.

TIKYNNINGA- OG UMSÓKNARFRESTIR Í TÍMARÖÐ:

15. JANÚAR

Aðilaskipti á greiðslumarki

1. MARS

Bústofnskaupastyrkur

20. JÚNÍ

Skil á vorbók (nýir aðilar í gæðastýringu)

1. JÚLÍ

Líflambakaupaumsókn

10. SEPTEMBER

Jarðabótastyrkur

20. NÓVEMBER

Gæðastýring – umsóknarfrestur fyrir nýja aðila eða þá sem eru að sækja um aftur

10. DESEMBER

Skil á haustskýrslu um búfé og fóðurforða til MAST

31. DESEMBER

Skil á haustbók og öllum skýrsluhaldsgögnum viðkomandi almanaksárs



BÚSTOFNSKAUPASTYRKUR TIL FRUMBÝLINGA Í SAUÐFJÁRRÆKT

Umsóknarfrestur er til 1. mars eftir að kaup eru gerð. Réttur til styrks gildir í 5 ár, hvort sem um er að ræða fjölgun með kaupum eða úr eigin stofni.

Bændatorg

www

Rafræn umsókn

NAUÐSYNLEG FYLGISKJÖL MEÐ UMSÓKNINI:

- Staðfesting á að umsækjandi eigi eða leigi rekstur á lögbýli s.s. afrit kaup- eða leigusamnings.
- Afrit af kaupsamningi eða reikningi um bústofnskaupin.
- Staðfesting á þeim greiðslum sem farið hafa fram skv. kaupsamningi eða reikningi. (Greiðslustaðfesting úr banka)
- Staðfesting á að umsækjandi sé aðili að gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu eða hafi sótt um slíka aðild. (Bændasamtök Íslands staðfesta þetta er umsókn kemur í hús)
- Staðfesting á að umsækjandi hafi ÍSAT númer í búnaðargjaldsskyldri búgrein og opið VSK númer. (www.rsk.is undir fyrirtækjaskrá)
- Staðfesting á meirihlutaeign í lögaðila (t.d. einkahlutafélagi, ef við á), t.d. staðfest hluthafaskrá.
- Staðfesting á fjölgun í eigin bústofni (ef við á), t.d. afrit af forðagæsluskýrslum.

UPPLÝSINGAR SEM UMSÆKJANDI ÞARF AÐ HAFI Á REIÐUM HÖNDUM:

- Búsnúmer
- Vsk-númer
- ÍSAT númer (Atvinnugreinanúmer, úthlutað um leið og vsk-númeri)

JARÐABÓTASTYRKUR

Jarðabótastyrkur

www

Upplýsingar á vef BÍ

Umsóknarfrestur til 10. september ár hvert.

Bændatorg

www

Rafræn umsókn

Túnkort sem unnin eru af Búnaðarsambandinu á þínu svæði eða RML, þurfa að liggja fyrir.

UPPLÝSINGAR SEM ÞARF AÐ HAFI TILTÆKAR:

- Búsnúmer
- Vsk-númer
- ÍSAT númer (Atvinnugreinanúmer, úthlutað um leið og vsk númeri)

STYRKUR TIL VATNSVEITNA

Vatnsveitur

www

Upplýsingar á vef BÍ

Umsóknarfrestur til 1. mars ár hvert

UPPLÝSINGAR SEM ÞARF AÐ HAFI TILTÆKAR:

- Búsnúmer
- Vsk-númer
- ÍSAT númer (Atvinnugreinanúmer, úthlutað um leið og vsk númeri)
- Staðfest kostnaðar- og framkvæmdaáætlun
- Umsögn sveitarstjórnar um að skilyrði 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 973/2000 sé uppfyllt.

DÝRAHEILBRIGÐI

Upplýsingar um dýralæknaþjónustu á þínu svæði á vef MAST.

Vaktsími dýralækna

www

Upplýsingar um smitvarnir vegna búfjár-sjúkdóma og varnarhólf á vef MAST.

Smitvarnir

www

